

8. apríl 2024

21629

## Dreifing

Skipulagsstofnun

&gt; Sigurður Ásbjörnsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Höfundur

HH/EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Ásgeir Einarsson

Tilfni

## Matsskyldufyrirspurn: Ferðapjónusta á Norður- og Suður-Fossi

Viðbrögð N18 ehf. við umsögnum

## 1 Viðbrögð N18 ehf. við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 13. febrúar – 13. mars 2024.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá 5 aðilum og bærust umsagnir frá þeim. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum N18 ehf.

Umsagnaraðili	Viðbrögð N18 ehf.
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Náttúrufræðistofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Mýrdalshreppur	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3
Minjastofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Vegagerðin	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.4

## 1.1 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Í umsögn segir:

„Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir athugasemdir við að í tillögunni er ekki fjallað um áætlað magn skólps og fyrirkomulag fráveitu frá starfseminni og möguleg umhverfisáhrif losunar hreinsaðs skólps t.a.m. á vatnshlot á svæðinu“.

„...telur embættið það mögulegt að losun skólps frá atvinnustarfseminni fari yfir 2.000 pe og að hreinsun þess sé þar með tilkynningaskyld framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu skv. lið 11.05 í 1. Viðauka með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana“.

**Viðbrögð N18 ehf:** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands spyr hvort fráveita frá hótelinu geti farið yfir viðmiðunarmörk laga 111/2021 fyrir skólphreinsivirki með afkastagetu a.m.k. 2.000 persónueiningar og sé þá tilkynningaskyld framkvæmd (B-framkvæmd).

Fyrirhugað er að heildarfjöldi gistirúma verði í heild að hámarki 800. Reiknað er með að starfsfólk hótelsins verði um 50 en flestir búi ekki á hótelsvæðinu sjálfu. Frárennsli frá hóteli er um margt svipað og frárennsli heimilis og fyrsta nálgun er að hver gestur skili einni persónueiningu, líkt og miðað er við fyrir heimili. Þetta er þó háð gerð hótels og þjónustu sem í boði er, t.d. skapa sundlaugar og heitir pottir aukna vatnsnotkun og frárennsli. Þvottar og þrif eru gjarnan tíðari á hótelum en á heimilum en á móti kemur að gestir þvo ekki föt eða bíla á gististað. Að auki má gera ráð fyrir að gististaðir séu ekki fullbókuð allan ársins hring.

Fyrir gististað sem hefur 800 gistirúm má gera ráð fyrir að losun í fráveitu sé um 800 - 1.200 pe. og fyrir efri mörkin er sleginn varnagli þannig að hver gestur geti losað allt að

1,5 pe. Losun er því ekki líkleg til að fara yfir mörk að þau teljist tilkynningaskyld sbr. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Nánari útreikningar verða gerðir við hönnun hótelsins og fráveitunnar þar sem tekið verður tillit til þess hvaða þjónusta verður í boði og vatnsnotkun og hreinsunarpörf verður metin út frá því. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun hafa eftirlit með starfseminni.

## 1.2 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn segir:

*„Stofnunin telur ekki nauðsynlegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum en þó skal bent á að athuganir Náttúrufræðistofnunar hafa sýnt að þéttleiki fugla er mikill á öllu flatlandinu norðan Dyrhólaóss. Rekstraraðilar eru því hvattir til þess að taka tillit til fuglalífs þegar kemur að framtíðaráformum og m.a. gæta þess að fjölgun gesta fylgi ekki aukin truflun fyrir fugla á varptíma“.*

**Viðbrögð N18 ehf:** Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögnina, sem og hvatningu með tilliti til fuglalífs. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er nú þegar töluvert raskað og í fuglatalningum Náttúrufræðistofnunar Íslands 2022 var ekki lögð áhersla á athuganir á þegar röskuðum svæðum. Í úttektinni kom fram að almennt sé minna um mófugla í hallandi landi sem og í nálægð við mannabyggðir sbr. Norður- og Suður-Foss. Því hefur sú ályktun verið dregin að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg staðbundin áhrif.

## 1.3 Mýrdalshreppur

Í umsögn segir:

*„Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar um að framkvæmdin þurfi ekki að fara í gegnum umhverfismat. Ráðið vill þó benda framkvæmdaaðila á að við umfangsmiklar framkvæmdir þá sé einnig nauðsynlegt að líta til ákvæða 4. kafla aðalskipulags Mýrdalshrepps um Byggð, menningu og samfélag sem fjallar um mikilvægi þess að búsetukostir séu til staðar. Eini fyrirvarinn sem ráðið gerir við matsskyldufyrirspurnina er sá að fjöldi starfsfólks sé e.t.v. vanáætlaður m.v. umfang starfseminnar sem er fyrirhuguð“.*

**Viðbrögð N18 ehf:** Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögnina og ábendingu um ákvæði í aðalskipulagi vegna búsetukosta. Áætlun um fjölda starfsfólks verður endurskoðuð þegar endanlegt umfang framkvæmda liggur fyrir. Líkt og kemur fram í matsskyldufyrirspurn er gert ráð fyrir að fullnýta núverandi starfsmannahús að Norður- og Suður-Fossi, nýta íbúðarhús að Geirsholti fyrir starfsfólk og að búseta í Vík verði einnig möguleiki.

## 1.4 Vegagerðin

Í umsögn segir:

*„Vegagerðin telur að með tilliti til þéttleika uppbyggingar og samsetningu vantar samgöngumat sem tekur á þáttum eins og umferðarsköpun, dreifingu umferðar og möguleg áhrif akandi umferðar á nærliggjandi tengingar og gatnamót. Vegagerðin væntir samráðs á síðari stigum skipulags vegna þeirra þátta sem snúa að starfssviði Vegagerðarinnar“.*

*„Vegagerðin bendir á umhverfismat hefur verið unnið vegna færslu Hringveggar um Mýrdal og stóð fyrir opnum kynningarfundum í janúar 2024. Umhverfismatsskýrslu vegna verkefnisins má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar og gert er ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar geti legið fyrir í apríl 2024“.*

**Viðbrögð N18 ehf:** Í [umhverfismati](#) vegna færslu Hringveggar um Mýrdal kom fram að unnin var umferðarspá fyrir vegkafla með fasta umferðarteljara. Auk þess var unnin umferðargreining við þrjú vegamót, þar á meðal vegamót Hringveggar og Reynishverfisveggar. Meðalfjöldi ökutækja sem fóru um vegamótin á sólarhring í

greiningarvikunni<sup>1</sup> var 2.208 og hlutfall þungra ökutækja 6,2 %. Umferð sem fór um Hringveginn til vesturs og austurs var nánast jafn mikil, en örlítið meiri til austurs. Umferð um Reynishverfisveg var að meðaltali 968 ökutæki á sólarhring í greiningarvikunni. Töluverður munur var á umferðarstraumum til austurs og vestur frá Reynishverfisvegi inn á Hringveginn, en um 60% ökutækja beygðu til austurs (hægri) og um 40% fóru til vesturs (vinstri). Umferð um vegamótin var nokkuð meiri um helgar en á virkum dögum, og þá voru umferðartoppar áberandi um eftirmiðdag á virkum dögum.

Fjöldi þeirra sem sækja Mýrdalshrepp heim leggja leið sína þangað í dagsferðum og umferð um Reynishverfisveg er töluverð, eins og fyrrgreindar upplýsingar sýna. Framboð gistirúma á svæðinu hefur ekki fullnægt eftirspurn og fjölgun gistirúma að Norður- og Suður-Fossi eru viðbrögð eftirspurninni. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda að Norður- og Suður-Fossi eru því talin óveruleg miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

<sup>1</sup> Tímabil greiningarvinnunnar var frá miðnætti aðfaranótt mánudagsins 4. apríl 2022 til miðnættis sunnudagsins 10. apríl 2022. Greiningarbúnaði var komið fyrir á þremur vegamótum á sama tíma. Umferðarmagn og straumar vélknúinna ökutækja voru greind.

